

Mál nr. 79/2015
M og
V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og bifreiðarinnar B.

Kona lenti í umferðarslysi þ. 18.5.2012 og 10.12.2012. Líkamstjón. Orsakasamhengi.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 20.2.2015 ásamt fylgiskjöllum 1-8
2. Bréf V dags. 16.3.2015

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þ. 18.5.2012 þegar M ók aftan á bifreið. Síðara slysið varð með þeim hætti að B ók aftan á bifreið þar sem M var farþegi. Af hálfu M er því haldið fram að hún hafi leitað til læknis sama dag og fyrra slysið varð vegna þess að hún hafi fengið hnykk á bakið. Ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn um þá læknisheimsókn. Eftir seinna slysið leitaði M ekki til læknis strax en tók verkjalyf. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðanna A og B vegna þess líkamstjóns sem hún hafi orðið fyrir við ofangreinda árekstra og vísar til gagna málsins sem sýni að M hafi orðið fyrir tjóni í maí 2012 og síðan aftur í desember 2012. V hafnar bótaskyldu og bendir á að um tvö aðskilin mál sé að ræða. Varðandi slysið þ. 18.5.2012 segir V að mjög lítið tjón hafi verið á bifreiðinni sem M ók á og ekki liggi fyrir upplýsingar um tjón á bifreið M einnig sé merkt við nei í tjónstilkyppingu í reit fyrir slys á fólki varðandi slysið. V hafnar því að M geti byggt bótakröfu á læknisskoðun þar sem engin gögn liggja fyrir um skoðunina eða hvers vegna hún var. M hafi ekki leitað læknis aftur fyrr en þ. 10.6.2014. Þá vísar V einnig til þess að M hafi komið á bráðadeild spítalans í Fossvogi þ. 17.3.2013 og þar sé skráð að um sé að ræða bakverki án sögu um áverka. Varðandi síðara slysið segir V að ekki liggi fyrir upplýsingar um farþega í bifreiðinni og ekki sé merkt við upplýsingar um slys á fólki. V telur ósannað að M hafi verið farþegi í bifreiðinni og M hafi fyrst leitað læknis vegna þessa 18 mánuðum síðar. V segir því ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við síðari áreksturinn.

Álit.

Ekki liggja fyrri gögn af hálfu M sem sýna fram á það með óyggjandi hætti að þeir verkir sem hjá hana í dag verði raktir til þeirra umferðarslysa sem hún lenti í þ. 18.5. og 10.12.2012. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A og B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A og B hjá V.

Reykjavík 14.4.2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.